BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

# Vesturbæjarskóli
## við Sólvallagötu



Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

# Vesturbæjarskóli

Formáli

Vesturbæjarskóli var stofnaður 1958. Fyrsti skólastjóri Vesturbæjarskóla var Hans Jörgensson. Upphaflega var skólinn aðeins ætlaður yngri börnum frá 7-9 ára aldri, sem búsett voru norðan Hringbrautar og vestan Lækjargötu. Áður höfðu þessi börn sótt Melaskóla, en vegna þrengsla þar og aukins umferðaþunga í skólahverfinu var ákveðið að stofna annan skóla í Vesturbænum. Var honum fundinn staður í bráðabirgðahúsnæði í gamla Stýrimannaskólanum að Öldugötu 23. Þar fór fram öll bókleg kennsla, en kennslu í íþróttum sóttu nemendur í íþróttahús ÍR við Túngötu og smíðakennslu í Melaskóla.

Skólaárið 1964-65 var ákveðið að 10 ára nemendur skyldu halda áfram í Vesturbæjarskóla í stað þess að flytjast yfir í Melaskóla eins og áður hafði tíðkast. Skólaárið 1974-1975 fengu 11 og 12 ára nemendur fyrst að halda áfram í skólanum til loka 12 ára bekkjar og ljúka sínu námi þar en eftir 12 ára bekk fóru þeir í Hagaskóla eins og þeir gera enn í dag. Hugmyndir voru uppi um að flytja Stýrimannaskólann og byggja nýjan skóla á lóðinni en ekkert varð úr framkvæmdum. Á árunum í kringum 1965 var unnið að hönnun nýs skóla í gamla Vesturbænum, sem staðsettur skyldi á mótum Framnesvegar, Sólvallagötu og Vesturvallagötu. En ekkert varð þó úr framkvæmdum þá.

Haustið 1970 voru starfræktar forskóladeildir í fyrsta sinn við skólann (53 nemendur í þremur deildum). Áður hafði sex ára börnum verið boðið upp á nokkurra vikna vornámskeið.

Skólaárið 1970-1971 voru nemendur skólans orðnir 303 talsins. Þeim hafði fjölgað um 85 frá stofnun hans. Nemendum fækkaði hins vegar jafnt og þétt til ársins 1980 þá voru þeir aðeins 200 að tölu. Árið 1980 lét Hans Jörgensson, skólastjóri af störfum. Við stjórn skólans tók núverandi skólastjóri Kristín G. Andrésdóttir. Ákveðnar breytingar áttu sér þá stað í starfsemi skólans, sem hófust í yngri deildunum. Á næstu árum starfaði skólinn samkvæmt sveigjanlegum kennsluháttum.

Á næstu starfsárum skólans fjölgaði nemendum aftur þannig að skólaárið 1983-1984 voru nemendur orðnir 290, þá var gripið til þess neyðarúrræðis að flytja 5. og 6. bekkjar nemendur skólans í Miðbæjarskólann. Þar fékk Vesturbæjarskóli til umráða fjórar almennar kennslustofur auk kennarastofu og stofu fyrir heimilisfræði. Kennsla í íþróttum, saumum og smíði fluttist einnig í Miðbæjarskóla, en það húsnæði var samnýtt með Námsflokkum Reykjavíkur.
Yfirkennarastaða við skólann var veitt í fyrsta sinn haustið 1984. Málfríður Ragnarsdóttir hlaut stöðuna og hefur verið yfirkennari síðan og aðstoðarskólastjóri eftir að starfsheitinu var breytt.
Hönnun nýs skóla hófst loks í ársbyrjun 1984. Arkitekt var Ingimundur Sveinsson. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fylgdust með hönnuninni og fengu að koma með sitt álit og gera tillögur út frá sjónarhóli væntanlegra notenda. Framkvæmdir hófust síðan 1986 á lóðinni á mótum Framnesvegar, Sólvallagötu og Vesturvallagötu sem hafði verið frátekin fyrir skóla allt frá 1960. Nýi skólinn var byggður sem tveggja hliðstæður skóli fyrir 350 nemendur frá 6-12 ára aldri. Starfsemi skólans fluttist í nýja húsnæðið haustið 1988. Þá voru nemendur skólans orðnir tæplega 300 talsins. Haustið 1999 var tekinn í notkun ný bygging sem gerði það kleift að einsetja skólann.

Foreldrafélag var stofnað við skólann 18. maí 1960 og starfaði í 6 ár. Árið 1979 var félagið endurvakið. Nafni félagsins var breytt haustið 1980 og nefndist þá Foreldra- og kennarafélag Vesturbæjarskóla. Starfsvettvangur félagsins víkkaði þar með, starfað var í samstarfshópum að ýmsum málefnum sem varðaði bæði húsnæðismál skólans, innra starf hans og félagsstörf. Haustið 1997 var gerð sú breyting að félagið varð einungis foreldrafélag. Félagið samanstendur af foreldrum barna í skólanum. Á aðalfundi félagsins er kosin stjórn. Formaður er kosinn sérstaklega og tveir úr hópi foreldra að auki.

Haustið 1987 var tekin upp sú nýbreytni að stofna fulltrúaráð foreldra. Tveir fulltrúar foreldra eru kosnir úr hverjum bekk. Fulltrúaráðið hittist á mánaðarlegum fundum með stjórn Foreldrafélags skólans og tekur þátt í að skipuleggja starfsemi félagsins. Markmið félagsins er að vinna að heill skólans og efla samstarf heimila og skóla. Félagið hefur m.a. unnið að

bættri umferðarmenningu við skólann. Foreldrar lögðu einnig fram ómælda vinnu í baráttu fyrir nýju húsnæði. Í tilefni 30 ára afmælis skólans og flutnings í nýtt húsnæði gaf félagið skólanum fjárupphæð til kaupa á bekkjum í heimakróka hjá yngstu nemendunum. Félagið hefur í gegnum árin staðið fyrir ferðlögum, t.d. á haustin og vorin og einnig skíða- og sleðaferðum. Ákveðin hefð hefur skapast um svokallaðan vordag. Á vordaginn hefur verið kaffisala, ýmsar uppákomur og stundum skemmtiatriði. Annað hlutverk félagsins hefur verið að standa fyrir fræðslufundum þar sem gestafyrirlesarar hafa flutt erindi og verið með fræðslu um ýmis málefni.

Foreldraráð hefur starfað við skólann frá skólaárinu 1996-1997, í því sitja þrír fulltrúar foreldra. Samkvæmt grunnskólalögum er gert ráð fyrir að þriggja manna foreldraráð starfi við alla skóla. Kjör foreldraráðs fer fram á aðalfundi foreldrafélags skólans. Samkvæmt lögunum er verkefni foreldraráðs að fjalla um og gefa umsögn til skólans og Fræðsluráðs Reykjavíkur um skólanámskrá og aðrar áætlanir um skólahaldið, hvernig þeim er framfylgt og hvernig kynningu til foreldra er háttað. Foreldraráð er sú formlega leið sem foreldrar geta leitað til, til þess að koma athugasemdum sínum um skólastarfið á framfæri.

Um skjalaskránna

Í júlí 2006 barst Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjalasafn Vesturbæjarskóla fyrir árin 1958–2005. Skjalasafnið var tekið til skráningar í marsmánuði 2007. Í júní 2011 barst Borgarskjalasafni viðbót sem skrá var og í ágúst og september 2012.

Þess má geta að ekki eru alltaf skýr skil á milli C og D flokka og geta skyld skjöl verið í hvor tveggja flokkum.

Skjöl send Borgarskjalasafni í júlí 2006 og júlí 2011

Tímabil: 1966-2009

# Skjalasakrá

*A Flokkur Fundargerðir*

Fundargerðir 1966-2003

## Askja A-1

Fundargerðir kennarafunda 1981-1986 og 1987 (hluti).
Fundur um húsnæðismál 25. apríl 1984 (hljóðupptaka á kassettu).
*Reykjavíkurverkefnið* 1986, 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar.
Skólaslit 1992, 1993, 1998, 2000, 2001 og 2003.
Kennararáðsfundir 1996 -2001, 2003- 2005.
Samráðs- og stjórnendafundir.

## Askja A-2

Dagskrár og fundargerðir kennarafunda 1980-2005.

## Askja A-3

Fundargerðarbók 1:
Kennarafundir frá 1958 til 5. maí 1971.

Fundargerðarbók 2:

Samstarfsfundir frá 19. mars 1991 til 30. maí 1991.

Fundargerðarbók 3 :
Árganga og fagstjórnafundir frá 6. september 1991 til 6. maí 1992.

Fundargerðarbók 4 :
Samstarf 1. og 2. bekkja frá 19. mars 1991 til 20. apríl 1994.

Fundargerðarbók 5 :
Samstarf 3. og 4. bekkja frá 16. apríl 1991 til 5. maí 1993.

Fundargerðarbók 6 :
Samstarf 5. og 6. bekkja frá 15. apríl 1991 til 15. janúar 1992.

## Askja A-4

*Örk 1*
Kennararáðsfundir 1985-1998.

*Örk 2*
Kennarafundir 1986-1993.

*Örk 3*
Kennarafundir 1993-1995.

*Örk 4*
Samstarfsfundir og fundur um byggingamál 1984-1999.

## Askja A-5

*Örk 1*
Kennarafundir, samstarfsfundir, trúnaðarmannafundur, fundur með sérkennurum og fagráðsfundur 1981-2003.

*Örk 2*
Kennarafundir, fundur vegna sundkennslu, starfsmannafundir, fundur foreldrafélags Vesturbæjarskóla, fundur stjórnenda, fundur vegna húsanna Vesturvallagötu 10-12 og Hringbraut 116-118, fundur vegna starfsdags, fundur vegna tengsla leikskólanna í hverfinu og Vesturbæjarskóla, fundur foreldra og kennara drengja í Vesturbæjarskóla og fundur í Nemendaráði 1989-2003.

## *B Flokkur. Bréfa- og málasafn*

Bréfa- og málasafn 1966-2009

## Askja B-1

Málasafn 1980-2005.

Tilkynningar til foreldra og forráðamanna barna.

## Askja B-2

Fréttablað til foreldra (skýrslur um skólastarfið) 1958-1994.

## Askja B-3

Málasafn 1977-1991

Ýmislegt 1977-1980: sérkennslukönnun, bréf frá fræðslustjóra.
Félagsstörf nemenda: Nemendaráðsfundur 1983, málfundur, fótboltakeppni o. fl.

Fréttabréf 1985.
Samræmd könnunarpróf í stafsetningu 1986.
Fyrsti vísir að skólanámskrá Vesturbæjarskóla 1991.
Ráðning starfsfólks: setningar og skipanir; uppsagnir, leyfi kennara og umsóknir.
Skjöl og bréfaskipti við Fræðsluskrifstofu varðandi skólaritara og umsjónarmann (gangavörð).
Bréfaskipti við Skólaskrifstofu vegna tjóns starfsmanna.
Ljósmyndaðar blaðagreinar úr Morgunblaðinu um Vesturbæjarskóla.
Tilkynningar frá Alþingi, Menntamálaráðuneyti, Skólaskrifstofu, Heilbrigðisráðuneyti.
Gatnamálastjóra, Kennaraháskóla Íslands o. fl.
Námsferilskrá.
Doktorsverkefni Beverly Sizemore: *Proposal* .

## Askja B-4

Málasafn 2003-2004

ÍTR; námskeið, kynningar og fundir í skólanum; símbréf send og móttekin, skólaslys, tilkynningar til foreldra og nemenda, tilkynningar til: skólastjóra, kennara og starfsfólks.
Dagskrá kennarafunda; afrit af útsendum bréfum, móttekin bréf og tilkynningar.
Foreldrafélagið: netföng foreldra o. fl.
Skólasund, veitt leyfi.
Kirkjustarf Dómkirkjunnar.
Strætó miðar.
Matarfélag: eldhús sælkerans.
Ritari o. fl.

## Askja B-5

Málasafn 2002-2003

Matarfélag.
Strætisvagnamiðar.
ÍTR; fundir í skólanum, símbréf send og móttekin, skólaslys.
Tilkynningar til nemenda og foreldra, tilkynningar til skólastjóra, kennara og starfsfólks.
Dagskrá kennarafunda; afrit af útsendum bréfum, móttekin bréf og tilkynningar.
Foreldrafélagið: netföng foreldra og bekkjarfulltrúar, skólasund, veitt leyfi.
Kirkjustarf Dómkirkjunnar; námskeið og kynningar í skólanum.
Ritari: ýmislegt.

## Askja B-6

Málasafn 1989

Grein úr Félagsblaði BK *Listskreytingar í skólum* (myndir frá Vesturbæjarskóla).
Alþýðublaðið 23. desember 1989 (nemendur, myndir og texti).
*Vesturbær* blað íbúasamtaka Vesturbæjar (frá vorhátíð við Vesturbæjarskóla).
Fundir í skólanum; símbréf send og móttekin, skólaslys, tilkynningar til nemenda og foreldra.
Tilkynningar til skólastjóra, kennara og starfsfólks og dagskrá kennarafunda.
Afrit af útsendum bréfum, móttekin bréf og tilkynningar.
Foreldrafélagið: netföng foreldra og bekkjarfulltrúar.
Skólasund, veitt leyfi.
Kirkjustarf Dómkirkjunnar; námskeið og kynningar í skólanum, ritari o. fl.

## Askja B-7

Málasafn 2000-2001

Slys á nemendum.
Símabréf send og móttekin.
Skólaslys, tilkynningar til nemenda og foreldra, tilkynningar til skólastjóra, kennara og starfsfólks.
Dagskrá kennarafunda, afrit af útsendum bréfum, móttekin bréf og tilkynningar.

## Askja B-8

Málasafn1998-2000

Skjalamappa V. J. 1998-1999: Bréf, tilkynningar, minnisblöð og upplýsingarefni frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
Erindisbréf frá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum til skólans.
Efni af skólastjórafundum.
Niðurstöður samræmdra könnunarprófa 1998.
Ýmislegt efni tengt nýbúum.
Frá fundi Kennarafélags Reykjavíkur um agamál.
Kennarafundir (fundargerðir), dagskrár.
Skjalamappa 1999-2000: Lúðrasveit, send og móttekin símbréf, skólaslys, tilkynningar til nemenda og foreldra og starfsfólks.
Dagskrá kennarafunda, afrit af útsendum bréfum, afrit af mótteknum bréfum varðandi foreldrafélagið.
Skólasund, veitt leyfi.
Starfsmanna,- nemenda- og aðstandendalistar sem hafa breyst, ritari o. fl.

## Askja B-9

Málasafn 1983-1999

Breyttir kennsluhættir, kennaranámskeið nr. IV, 1983.
Bréf og tilkynningar til foreldra.
Foreldra- og kennarafélagið, lús, vorverk og jól, skólinn, Fræðslumiðstöð og umferðaráð.
Faxbréf, sund, kennara- og starfsmannafundir.
Systkinalistar og foreldrakynningar.
Heimanám og tómstundastarf.
Beiðni um leyfi fyrir nemanda.
Skólaslys o. fl.

## Askja B-10

Málasafn 1966-1993

*Örk 1*
Bréf, reglur, dagskrá, tilkynningar, nafnalisti, skoðanakönnun óútfyllt og skýrsla frá Félagsdómi vegna gæslu kennara í kaffihléum og saga skólans 1966-1983.

*Örk 2*
Bréf frá Menntamálaráðuneyti, Skólaskrifstofu Reykjavíkur og Fræðslustjóra Reykjavíkurumdæmis. Reglum um framkvæmd íþróttaprófa, sundpróf: prófverkefni, skýringar og niðurstöður könnunar, dagskrár kennarafunda, bréf til foreldra, reglur og námsáætlun 1984-1989.

*Örk 3*
Menntamálaráðuneyti og Grunnskólar Reykjavíkur: skýrslur um skólahald, fréttabréf til foreldra, dagskrár kennarafunda, útsend bréf,Kennaraháskóli Íslands: mat á þróunarverkefni Vesturbæjarskóla og aðferðir við námsmat, Byggingadeild Borgarverkfræðings: úttekt á loftræstingu Vesturbæjarskóla, fréttabréf til foreldra o. fl. 1988-1993.

## Askja B-11

Málasafn 1984-1992

Kennarar sem athugendur í eigin skóla 1984.
Könnun á viðhorfum grunnskólakennara 1985.
Könnun um mynd- og handmennt 1987.
Haust 1989 til vors 1992: tilkynningar til foreldra og barna og skólastjóra og kennara.

Umsóknir um styrki til rannsókna, þróunarverkefna og annarra umfangsmikilla verkefna: *tilraunakvótar* 1991.
Málfríður Ragnarsdóttir: tilraunakennsluverkefni í mynd- og handmennt og sálfræðideild skóla.
Skólamálaráð: erindisbréf og álitsgerðir.
Skólaskrifstofa Reykjavíkur: erindisbréf.
Félagsstarf: starfsáætlanir og fundarboð.
Fyrirkomulag jólaskemmtana.
Kannanir á skólastarfi.

## Askja B-12

Málasafn 1980-1994

Grein í Morgunblaðinu 1980; *Opin skóli er framtíðin*.
Sýnishorn verkefna til barnaprófs frá Fræðslumálaskrifstofu, 1980 og 1981.
Norrænt samstarf: Ráðherranefnd norðurlandaráðs, kennaraheimsóknir 1983-1984.
Hádegisgæsla í Vesturbæjarskóla 1991-1992, matarstaða í hádegi.
Þingvallaferð 1994.
Stærðfræðikennsla yngri barna: verkefni með rökkubbum, tangram, *jeg lærer om addisjon*.
Listar yfir nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.
Brunavarnir í Vesturbæjarskóla: bréfaskipti, álitsgerðir, áætlanir og blaðagreinar.
Námsefnisráðgjöfin. Almennt um samvirkni skólastarfs.
Vettvangsheimsóknir: verkmennska og vettvangsrannsóknir.
Nokkrar hugmyndir um vinnu í þjóðsagnaviku.
Erindi og greinar Kristínar Andrésdóttur skólastjóra: *12 spurningar fyrir fullorðna um börn og skóla; farsæl fyrsta skólaganga – fjársjóður um daga langa; Den nye skolebygning*.
Vesturbæjarskóli, Öldugötu 101 Reykjavík, Ísland; staðarsaga frá kennslufræðilegu sjónarmiði.
Þjóðlíf: *Um vandann sem steðjar að kennurum.*
Bréfaskipti við prof. Dr. Th. Klaβen, Dr. E. Skiera og Dr. T. Bremer.
Nemendur lýsa dæmigerðum skóladegi.

## Askja B-13

Málasafn 1983-1993

Tilkynningar til foreldra og forráðamanna.
Skýrslur og greinargerðir varðandi Vesturbæjarskóla: vegna þróunar- og tilraunastarfs 1983.
Umsókn um styrk úr þróunarsjóði grunnskóla 1995–1996.
Skýrsla um lestrarnámskeið 1992.
Athugun á innilofti í Vesturbæjarskóla 1993.
Umsögn um námskrá 1991.

Könnun á aðstæðum 6 og 8 ára barna 1992 .
Niðurstöður úr lestrarhæfnisprófi 1991.
Umsóknir (umsækjendur) um kennarastöður við Grunnskóla Reykjavíkur 1992 og 1993.
Uppeldis- og kennslufræði: efni frá K.H.Í um kennslu ýmissa námsgreina og æfingakennslu.
Skólastjórafundir: dagskrár, erindi og fundargerðir.
Skýrslur um kynnisferðir félags skólastjóra og yfirkennara (F.S.Y.).
Erindisbréf.

## Askja B-14

Málasafn 1979-1984

Félags- og tómstundastarf.
Húsnæðismál 1979-1982.
Sálfræðiþjónusta: sérkennsla og skýrslur um talkennslu 1979-1984.
Móðurmálskennsla yngri barna 1980-1983.
Verkefnagerð og kennsluhættir á unglingastigi 1981 og samþætting. Forskóli.
Heilsugæsla skólabarna.
L.T.G. – Lestur til gagns.

Skriftarkennsla.

## Askja B-15

Málasafn 1983-1993

Fréttabréf starfsmanna Vesturbæjarskóla, Einhyrningur fréttabréf starfsmanna Vesturbæjarskóla 2000-2004.

## Askja B-16

Málasafn 1988-1997

Bréfasafn.
Umferðarmál við Vesturbæjarskóla 1988-1989.
Leyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til starfrækslu grunnskóla Vesturbæjar 1993-1997.
*Change and the administration of education: the Canadian experience*, skólameistarafélag Íslands.
Kennsluefni: tómstundastarf, tilkynningar til foreldra og forráðamanna og stundaskrár.
Öldugötuskóli, myndmennt.
Skólahús: hávaðamælingar 1997, rafmengun 1996.
Eldvarnir 1991, leiðbeiningar um loftræstingu og ofnahitun.
Fréttabréf, dreifibréf, jólasöngvar, ýmsir söngtextar, ljóð og sögur.
Heilsugæsla.

## Askja B-17

Málasafn 1981-1996

*Post-Painting* 1981-1986.
*Nordisk Ministerråd*: skólaþróun grunnskóla á Norðurlöndum, sjálfsmat 1984-1986.
Verk Bergljótar Baldursdóttur 1987, en eitt þeirra prýðir Vesturbæjarskóla.
Húsnæði og búnaður fyrir mynd- og handmennt 1987.
Tillaga að breyttu umferðarskipulagi í Vesturbæ 1988-1989.
Ýmis bréf 1991-1996.
Íþróttahátíð 1993: verkefni nemenda.
Grenndarskógur Vesturbæjarskóla.
Manneldisráð Íslands: *Þitt líf, þitt fæðuval*.
Drög að stofnbúnaðarskrá fyrir grunnskóla.

## Askja B-18

Bréfa- og málasafn 1990-1996

*Örk 1*
Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur: sérkennslukönnun, bréf frá foreldrum til kennara varðandi skólastarfið, dagskrár kennarafunda, Menntamálaráðuneyti og Fræðsluskrifstofa Reykjavíkurumdæmis: Bréf og reglur, tillögur um sérkennsluúrræði, útsend bréf o.fl. 1990-1992.

*Örk 2*
Útsent bréf Kristínar G. Andrésdóttur til Fræðsluskrifstofu Reykjavíkurumdæmis varðandi sérkennslu og ósk um aukna frímínútna- og hádegisgæslu, bréf frá Skólaskrifstofu Reykjavíkur og Fræðsluskrifstofu, Menntamálaráðuneytið; Fréttatilkynning, dagskrár kennarafunda, tilkynningar og fréttabréf til foreldra frá kennurum, útsend bréf, skýrslur, bréf til bekkjakennara frá íþróttakennurum í sundlaug Vesturbæjar o.fl. 1994-1996.

Samskiptablöð (fréttabréf til foreldra frá kennurum) 1991-1995.
Skýrsla um tilraun um gæðastjórnun í Vesturbæjarskóla 1994.
Skýrsla um viðhorfakönnun meðal foreldra barna Vesturbæjarskóla 1994.

## Askja B-19

Bréfa- og málasafn 1994-2000

Fréttablöð til foreldra frá kennurum (yfirlit yfir hvað kennarar gerðu með nemendum í vikuskipulagi) 1994-2000.
Námsstefna skólastjóra: Störfin sem hlekkur í keðju: Greining ferla og ýmsar skráningar 1997.
Boðskort á 40 áravorhátíð Vesturbæjarskóla 1998.
Valdagafréttir VBS, án árs
Viðurkenningarskjal: Afmælisnefnd Reykjavíkurborgar í tilefni 200 ára afmæli Reykjavíkur 1986.

## Askja B-20

Bréfa- og málasafn 1994-1997

*Örk 1*
Dagskrár kennarafunda, nafnalistar, skýrsla um heilsugæslu, bréf frá Skólaskrifstofu Reykjavíkur o.fl. 1994-1995.

*Örk 2*
Bréf: Fræðsluráð Reykjavíkur, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Menntamálaráðuneyti. Hagstofa: Haustskýrsla, bréf frá foreldraráði til skólastjóra vegna skólanámskrá, útsend bréf, dagskrár kennarafunda tilkynningar til foreldra o.fl. 1996-1997.

Fréttablöð til foreldra frá kennurum (yfirlit yfir hvað kennarar gerðu með nemendum í vikuskipulagi) 1.-3. bekkur 1995-1996.

Fréttablöð til foreldra frá kennurum (yfirlit yfir hvað kennarar gerðu með nemendum í vikuskipulagi) 2.-3. bekkur 1996-1997.

## Askja B-21

Bréfa- og málasafn 1997-1999

*Örk 1*
Bréf frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Kennaraháskóla Íslands, orðsendingar til foreldra frá kennurum, fréttabréf, dagskrár kennarafunda, bréf frá Kristínu G. Andrésdóttur til Fræðsluráðs vegna nýbyggingu Vesturbæjarskóla, könnun meðal kennara um skólastarfið (án nafns) um stefnu Vesturbæjarskóla, dagskrár, upplýsingar um vorverk skólans, boðsbréf vegna skóflustungu Við Vesturbæjarskóla, skýrslur, nafnalistar o.fl. 1997-1998.

*Örk 2*
Bréf frá Hagstofu Íslands vegna skil á skýrslum, tilkynningar til foreldra, bréf frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, dagskrár kennarafunda, listi yfir vorverk, nafnalisti foreldrafélagsins, bréf frá Borgarverkfræðingnum í Reykjavík vegna endurskipulagningu umferðar í nágrenni skólans, fréttabréf Kennarafélags Vesturbæjarskóla o. fl. 1998-1999.

*Örk 3*
Bréf frá: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík: úttekt á ástandi lóða í kringum Vesturbæjarskóla, dagskrár, fréttabréf til foreldra, fréttabréf Kennarafélags Vesturbæjarskóla, tilkynningar til foreldra, dagskrá kennarafunda, reglur, lög Foreldra- og kennarafélags Vesturbæjarskóla, skýrslur o.fl. 1999.

## Askja B-22

Bréfa- og málasafn 2000-2003

*Örk 1*
Viðhorfakönnun meðal foreldra í Vesturbæjarskóla (spurningalistakönnun), Nýherji og Snerpa e.h.f samningar varðandi tölvumál, bréf frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Menntamálarráðuneyti, tilkynningar til foreldra, viðhorfakönnun meðal foreldra í Vesturbæjarskóla, fréttabréf starfsmanna, o. fl. 2000.

*Örk 2*
Sjálfsmatsáætlun (mat á skólastarfi), bréf frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Félagi Grunnskólakennara og Menntamálaráðuneyti, tölvumál, útsendur tölvupóstur frá skólastjóra, dagskrár, starfslýsing, fréttabréf til foreldra frá kennurum 2001-2002.

*Örk 3*
Fréttabréf til foreldra um bekkjarstarf frá kennurum, Einhyrningur fréttabréf kennarafélags Vesturbæjarskóla, fréttabréf starfsmanna Vesturbæjarskóla, bréf um sérkennslumál, skýrslur, útsend bréf frá skólastjóra, tilkynningar, tölvumál, dagskrár, spurningalisti frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur o.fl. 2002-2003.

Skýrslur: Könnun á viðhorfum foreldra til starfsemi Vesturbæjarskóla og rannsókn á áhrifum jákvæðra styrkinga á iðjusemi nemenda 2000.

## Askja B-23

Bréfa- og málasafn 2000-2005

*Örk 1*
Starfsáætlun, spurningalisti um starfsemi skólans, bréf til foreldra frá skólastjóra vegna könnunar, tilkynningar til foreldra, gátlisti fyrir greiningu og mat á skólanámskrá, dagskrár, umsögn um skólanámskrá, reglur, bréf frá Fræðslumiðstöð, dagskrá kennarafunda o.fl. 2000-2003.

*Örk 2*
Hagstofa Íslands: leiðbeiningar um skólaskýrslugerð, spurningalistar frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur um skólastarf 2000-2005.

*Örk 3*
Sjálfsmatsáætlun(mat á starfsáætlun skólans), skýrsla, skólanámskrá, bréf, starfsáætlun, skóladagatal, greinargerð með skóladagatali, dagskrár, bréf, dreifibréf, bréf frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, tilkynningar til foreldra, fréttabréf, eldhús Sælkerans: bréf og matseðlar, spurningalisti: mat á skólastarfi Vesturbæjarskóla, reglur, starfsáætlun þróunarverkefnis, saga Vesturbæjarskóla og nafnalistar 2003-2004.

## Askja B-24

Bréfa- og málasafn 2003-2008
*Örk 1*
Bréf, skýrslur, fréttabréf starfsmanna Vesturbæjarskóla, Einhyrningur: fréttabréf Kennarafélags Vesturbæjarskóla, fréttabréf starfsmanna Vesturbæjarskóla, dagskrár, símenntunaráætlun, dreifibréf, fréttabréf til foreldra frá kennurum og nafnalistar 2003-2004.

*Örk 2*
Útsend bréf frá skólastjóra um launamál kennara og sérkennslumál, skýrslur, forvarnarstefna Vesturbæjarskóla, fréttabréf starfsfólks, fréttabréf til foreldra, nafnalistar aðstandenda, dagskrár, tilkynningar til foreldra, bréf frá Reykjavíkurborg, Menntasviði o.fl.

*Örk 3*
Fréttabréf starfsfólks, tilkynningar til foreldra frá skólastjóra, fréttabréf til foreldra frá kennurum, bréf frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Reykjavíkurborg Menntasviði, nafnalisti yfir aðstandendur nýbúa, bréf til fasteignastofu Reykjavíkur vegna skólalóðar Vesturbæjarskóla og dreifibréf 2004-2005.

Eyðublöð og vitnisburðaskírteini Vesturbæjarskóla (óútfyllt) 1997-2008.
Skýrsla um námsmat í Vesturbæjarskóla 2003-2004.

## Askja B-25

Bréfa- og málasafn 2003-2009

*Örk 1*

Bréf til foreldra frá skólastjóra, skóladagatal, bréf frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, dagskrár, starfsáætlun, reglur, dagskrár foreldrafunda, námsmarkmið, orðsendingar til foreldra, mat á samráðsfundum o.fl. 2006.

*Örk 2*
Bréf til skólastjóra, bréf frá skólastjóra, kennsluáætlun, dagskrár, orðsendingar til foreldra, tilkynningar, dreifibréf, bréf frá Menntamálaráðuneyti, verkefnalisti kennara, könnun, greinargerð um íþróttir í Vesturbæjarskóla og samskiptareglur 2006.

*Örk 3*
Orðsendingar til foreldra, dreifibréf, innsend bréf, kynningarbæklingur um starfsemi ÍTR, fréttabréf Vesturbæjarskóla, yfirlit yfir dagsetningar funda, könnun, tölvupóstar, nafnalistar kennara o.fl. 2007-2009.

## *Flokkur C, Próf, einkunnir, vitnisburðir, einstaklingsmál*

### Askja C-1

Prófverkefni 1950-1967: réttritun, málfræði, landafræði og dýrafræði.
Prófbók I: frá vorprófi 1959 til vorprófs 1965.
Prófskýrslur 1959 -1979.
Nafnalistar kennara og sendibréf.

### Askja C-2

Nemendaprófaskrá 1958-1970.
Prófabók II, frá vorprófi 1966 til vorprófs 1973.
Prófabók III, frá vorprófi 1974 til vorprófs 1986.

### Askja C-3

Verkefni nemenda frá 200 ára afmæli Reykjavíkur, saga um fólk á hlaupum og Skjaldarmerki Íslands, 1986.

### Askja C-4

Verkefni nemenda frá 200 ára afmæli Reykjavíkur, saga um fólk á hlaupum og Skjaldarmerki Íslands, 1986.

### Askja C-5

Verkefni nemenda frá 200 ára afmæli Reykjavíkur, saga um fólk á hlaupum og Skjaldarmerki Íslands, 1986.

### Askja C-6

Prófúrlausnir nemenda í stærðfræði, landafræði, íslensku og íslensku 1989-1993.

### Askja C-7

Prófúrlausnir nemenda í bekkjunum: H-12, H-13 og H-14 í sögu, íslensku og stærðfræði 1992-1994.

### Askja C-8

*Örk 1*
Símbréf yfir forföll nemenda, nafnalistar og bekkjareglur 2004-2007.

Prófúrlausnir nemenda í sögu, íslensku, stærðfræði, heilsufræði og landafræði 1992-1994.

## Askja C-9

Verkefni og umsagnir um nemendur í bekknum H-4, A-Y, prófúrlausnir í íslensku í bekknum H-15, A-Ö 1992-1993.

## Askja C-10

Foreldraviðtöl og námsmat í 1- 3. bekkur H-5, B-S, 4. bekk H-8 A-Þ, og próflausnir í stærðfræði, sögu og íslensku í 7. bekk E-S 1991-1994.

## Askja C-11

Prófúrlausnir og einkunnir nemenda í bekk H-13: í islensku, stærðfræði og landafræði. Vitnisburður kennara um nemendur í bekkjunum H-3 og H-6, foreldraviðtöl (1993) og fleiri prófúrlausnir ódagsettar, 1993-1994.

## Askja C-12

Vitnisburðir og prófúrlausnir 1. og 7. bekkur, prófúrlausnir bekkarins H-15 í stærðfræði, móðurmáli og íslensku 1993-1995.

## Askja C-13

Vitnisburðir nemenda í 1.-2. bekk (ljósrit) 1999-2000.

## Askja C-14

Vitnisburðir nemenda í 3.-4. bekk 1999-2000.

## Askja C-15

Vitnisburðir nemenda í 5.-6. bekk 1999-2000.

## Askja C-16

*Örk 1*
Nemendur af erlendum uppruna: Innritunar- og flutningstilkynningar og nemendalistar 5.-6. bekkur 1999-2008.

Vitnisburðir nemenda í 6.-7. bekk 1999-2000.

## Askja C-17

*Örk 1*
Nemendaráðsfundir vegna einstaklingsmála og beiðnir um stundafjölda til sérkennslu við nemendur 1996-1998.

*Örk 2*
Innritanir nemenda og brottfluttir nemendur, heimanámskönnun og nafnalistar 2001-2005.

*Örk 3*
Einkunnir, sundskírteini, vottorð: slys, ofnæmi o.fl. Prófskírteini og einkunnir frá öðrum skólum og viðurkenningarskjal frá Borgarstjóranum í Reykjavík fyrir Kjörorð (kjörorðasamkeppni Grunnskólanema vegna hreinsunarátaks í Reykjavík), 1988-1997.

*Örk 4*
Einstaklingsmál 1995-2006.

## Askja C-18

*Örk 1*
Málefni sérkennslubarna 1993-2005.

*Örk 2*
Beiðnir frá foreldrum um leyfi fyrir nemendur 2004-2006.

*Örk 3*
Beiðnir frá foreldrum um leyfi fyrir nemendur 2006-2007.

*Örk 4*
Vottorð: Slys, flutningur, fæðuóþol o. fl.1990-2007.

## *D Flokkur. Bekkjakladdar, stundaskrár, vitnisburðir, umsagnir*

### Askja D-1

Bekkjarkladdar:
1980-1988 og 1991-1992.

### Askja D-2

Bekkjakladdar:
1988 til 1997.

### Askja D-3

Bekkjakladdar:
1998 til 2004.

### Askja D-4

Bekkjakladdar:
2002-2003 og 2004-2005.

### Askja D-5

Umsagnir: 1. 2. og 3. bekkur, nemendur fæddir 1976.
1. og 2. bekkur, nemendur fæddir 1977.
Umsagnir skólaárið 1987 til vors 1988.

### Askja D-6

Stundaskrár nemenda 1980-1984.
Nemendalistar 1980-1984.
Umsagnir: nemendur fæddir 1979, 1. bekkur 1986-1987, nemendur fæddir 1978, 2. bekkur 1986-1987, nemendur fæddir 1978, 1. bekkur 1985-1986.

### Askja D-7

Vitnisburðir nemenda 1993-1994.

### Askja D-8

Vinnuskýrslur kennara og óskir um kennslu 1983-1984.
1984-1985: kennslumagn og liðskönnun 1984-1985.
Nemendastundir 1985-1986.
Skólabíll, liðskönnun og stundaskrár 1986-1987.
Nemendalistar og flutningstilkynningar 1990-1991.

Drög að töflum 1990-1991.
Viðmiðunarstundir, kennslumagn, gögn frá fræðslustjóra, sérkennsla, sund, tímaáætlunar rammi, liðskönnun og umsóknir um kennslustörf.

## Askja D-9

Stundaskrár: 1979-1993.

## Askja D-10

Stundaskrár 1993-1997.
Nemendaskrá 1993-1994.
Vitnisburðir 1988-1989

## Askja D-11

Vitnisburðir (umsagnir) 11 og 12 ára (H-11, H-12, H-13 og H-14), 1988–1989, allir 1989 – 1990.

## Askja D-12

Vitnisburðir 1990–1991.

## Askja D-13

Vitnisburðir 1992–1993.

## Askja D-14

Vitnisburðir 1993–1994.

## Askja D-15

Umsagnir 1995–1996.

## Askja D-16

Umsagnir 1995–1996.

## Askja D-17

Umsagnir 1996–1997.
Námsmat í 1.–7. bekk: skýrsla um þróunarverkefni í Vesturbæjarskóla 1992–1994. Umsagnir 1996–1997: 6 ára H-1-2-4 og 7 ára H-3-5.
Umsagnir 1992–1993.

## Askja D-18

3. 4. 5. og 6. bekkur nemenda fæddir 1972, umsagnir 1982–1985.
1. 2. 3. 4. og 5. bekkur nemenda fæddir 1973, umsagnir 1984–1986.
5. bekkur (H-12) nemenda fæddir 1974, umsagnir 1985–1986.
Dreifibréf frá 1985 til1998, aðallega þó 1992.

## Askja D-19

1. 2. 3. og 4. bekkur nemenda fæddir 1975, umsagnir 1983–1986.
1. 2. 3. 4. 5. og 6. bekkur nemenda fæddir 1974, umsagnir 1983–1987.
Nýbúadeild: umsagnir 1994 –1995 og 1997–1998.

## Askja D-20

Umsagnir: 1. 2. og hluti 3. bekkjar 1997–1998.

## Askja D-21

Umsagnir 1. og 2. bekkjar 1994–1995.
Umsagnir 5. og 7. bekkjar 1997–1998.

## Askja D-22

Umsagnir 3. 4. 5. og 6. bekkjar skólaárið 1994–1995.

## Askja D-23

Umsagnir 5. 6. og 7. bekkjar, 1996–1997.

## Askja D-24

Umsagnir 3. og 4. bekkjar nema og nýbúa skólaárið 1996–1997.
Umsagnir 7. bekkjar 1994–1995.

## Askja D-25

Umsagnir 3. 4. 5. og 6. bekkja skólaárið 1991–1992.

## Askja D-26

Umsagnir 1. 2. 3. 4. og 7. bekkjar (nemendur fæddir 1982, 1983, 1984, 1985 og 1979) skólaárið 1991–1992.

## Askja D-27

Umsagnir: nýbúar og 1. og 2. bekkjar skólaárið 1998 –1999.

## Askja D-28

Umsagnir: 3. 4. og hluti 5. bekkjar (5-S) skólaárið 1998–1999.

## Askja D-29

Umsagnir: hluti 5. (5-V), 6. og 7. bekkja skólaárið 1998–1999.

## Askja D-30

Námskrá barnaskóla frá 1957.
Prófverkefni í raddlestri frá árunum 1960–1977.
Ýmis prófverkefni frá 6., 7., 8. og 9. áratug 20. aldar í reikningi, landafræði, kristinfræði, íslensku, stafsetningu og dönsku ásamt reglum um fyrirgjöf.
Námskrá fyrir nemendur á fræðslu skólaskyldualdri frá 1960.
Nemendabók (2. bók) 1970–1980.
Prófúrlausnir nemenda 6. og 8. bekkjar 1986 í könnunarprófi í stafsetningu, ásamt bréfi frá Menntamálaráðuneyti árs 1987 um niðurstöður sömu prófa.
Verkefni nemenda unnin í tilefni 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar, meðal annars viðtöl við Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur formann verkakvennafélagsins Sóknar, Hjalta Guðmundsson dómkirkjuprest og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarfulltrúa.
Bekkjaskrár með niðurstöðum raddlestrarprófa, nöfnum kennara og starfsfólks.

## Askja D-31

Kladdar- dagbækur 1958-1967.

## Askja D-32

Kladdar- dagbækur 1968-1975.

## Askja D-33

Kladdar- dagbækur 1976-2007.

### *Flokkur E. nemendafélög, blöð og verkefni nemenda o.fl.*

## Askja E-1

Upplýsingarit- og bæklingar um Vesturbæjarskóla 1985.
Söngbók Vesturbæjarskóla 1991-1992.
Verkefni 5. bekkjar A-U, skólaárin 2001-2004.
Bekkjarblöð 1988-2004.
Þjóðviljinn 11. júní, án árs *Vesturbæjarskóli: Tafir við byggingu.*

### *F Flokkur. Starfsmannamál, foreldrafélög, launamál, námsáætlanir, námsskrár o.fl.*

## Askja F-1

*Örk 1*
Stundatöflur kennara 1985-1993.

*Örk 2*
Stundatöflur kennara 1993-1996.

*Örk 3*
Stundatöflur kennara 1995-2006.

## Askja F-2

Launalistar kennara 2003-2006.

## Askja F-3

Launalistar kennara 2005-2007.

## Askja F-4

Námsáætlanir 1988-1996.

## Askja F-5

Vinnuskýrslur kennara 2005.

## Askja F-6

Möppur kennara sem eru hættir, innihald:
Ráðningasamningar, uppsagnarbréf, vinnuskýrslur, samningar og eða tilkynning um leyfi, breytingar eða tímabundna framlengingu á starfi, stundatöflur, samþykki fyrir námslaunum frá Kennarasambandi Íslands.

Sjúkrasjóður Kennarasambands Íslands: umsókn um styrk, liðskönnun Vesturbæjarskóla, afrit af námskeiðsskírteinum, breytingar á stöðu og starfshlutfalli, meðmæli og vottorð 1989-2009.

## Askja F-7

Möppur kennara sem eru hættir, innihald:
Ráðningasamningar, uppsagnarbréf, vinnuskýrslur, samningar og eða tilkynning um leyfi, breytingar eða tímabundna framlengingu á starfi, stundatöflur, samþykki fyrir námslaunum frá Kennarasambandi Íslands.

Sjúkrasjóður Kennarasambands Íslands: umsókn um styrk, liðskönnun Vesturbæjarskóla, afrit af námskeiðsskírteinum, breytingar á stöðu og starfshlutfalli, meðmæli og vottorð 1989-2010.

## Askja F-8

Möppur kennara sem eru hættir, innihald:
Ráðningasamningar, uppsagnarbréf, vinnuskýrslur, samningar og eða tilkynning um leyfi, breytingar eða tímabundna framlengingu á starfi, stundatöflur, samþykki fyrir námslaunum frá Kennarasambandi Íslands.

Sjúkrasjóður Kennarasambands Íslands: umsókn um styrk, liðskönnun Vesturbæjarskóla, afrit af námskeiðsskírteinum, breytingar á stöðu og starfshlutfalli, meðmæli og vottorð 2005-2007.

## Askja F-9

Skólanámsskrá: Fyrsti vísir að skólanámskrá, gátlisti fyrir greiningu og mat á skólanámskrá, lýsing á vinnu við skólanámskrá 1997-1998.
Námsmat í 1.-7. bekk: skýrsla um þróunarverkefni í Vesturbæjarskóla, skýrsla um tilraun um gæðastjórnun í Vesturbæjarskóla, skýrsla um *Vinnuferli til að meta bekkjarstjórnun og líðan innan skólastofunnar*, skólanámskrá Vesturbæjarskóla, námsáætlanir 1997-1998, Handbók Vesturbæjarskóla 1991-2004.

Fjárhagsáætlun 2001-2005, rekstraráætlanir og fylgiskjöl

## Askja F-10

*Örk 1*
Þróunarverkefni um námsmat, umsóknir um styrki til rannsókna og þróunarverkefna.
Æfingakennsla: óskir kennara um að taka við nemum í æfingakennslu og nafnalistar kennara.
Prófverkefni í: landafræði, sögu og lestri. Glærur: fræðsla fyrir kennara o. fl. 1982-2001.

*Örk 2*
Ræður skólastjóra (handskrifaðar) við skólasetningu, skólalok, til nemenda, til kennara, á starfsmanna- og kennarafundum og um skólastarfið í Vesturbæjarskóla .
Kennarar: Vottorð, umsókn, styrkveitingar, verkefni í kennslu og spurningalisti
1991-2005.

Skýrsla: Viðhorfakönnun meðal foreldra barna í Vesturbæjarskóla 1994.
Verkefni: Upplýsingastreymi/boðleiðir og virkni á valsvæðum 2000.

## Askja F-11

Starfsleikninám (frá Fossvogsskóla).Fyrirlestrar um lestrarkennslu, lestrarpróf, leiðbeiningar í lestrarprófum o.fl. 1975-1980.
Starfsleikninám fyrir kennara fjórði námshluti, vinnubók 1990.
Námsáætlun Vesturbæjarskóla 1.-7. bekkur 1996-2005 (vantar 1997-1998).

## Askja F-12

Prófverkefni og samræmd próf nemenda 1947-1997.
Mat á einingum og samantekt á vetrarstarfi Vesturbæjarskóla 1984-1986.
Þjóðlíf: Viðtal við Kristínu skólastjóra, spurningar og svör 1990.
Bekkjanámskrár fyrir 1.2. 3., 4 og 7. bekk og mat á skólastarfi 1990-2002.
Skýrsla frá kennurum um tillögur um viðbrögð um einelti 1999-2000.
Skipulag tungumálakennslu í Vesturbæjarskóla 2004.

Kennsluglærur.

## Askja F-13

*Örk 1*
Próf (óútfyllt).

Próf 1986-1995.
Bekkjanámskrár fyrir 5. og 6. bekk 1990.
Mat og lýsing á skólastarfinu 1996-1997.
Vinnuhópur um virkni í vali, svör nemenda (nöfn þeirra koma ekki fram), 2000.
Mat á aldursblöndun í bekki, niðurstöður 2002-2003.
Mat á starfsáætlun Vesturbæjarskóla 2003-2004.

## Askja F-14

*Örk 1*
Spurningalistakönnun fyrir nemendur um einelti, svör (íslenska yngri), námsmarkmið, námsáætlanir og vinnuskýrslur kennara 2001-2005.

*Örk 2*
Kennarar: Meðmæli, launaseðlar, vottorð, ráðningasamningar, liðskönnun, forföll, yfirlit yfir kennslustundir, stöðubreytingar og uppsagnir o.fl. 1983-2007.

Námsgagnastofnun: Leiðbeiningar með stafsetningaverkefnum, stafsetningapróf, samræmt próf og lestrarkönnun 1980.
Námsáætlun 6. bekkjar 1992-1993.
Þróunarverkefni: Námsmat og markmið í kennslu 1994.
Námsmat í íslensku, atriðalistar 1995.

## Askja F-15

*Örk 1*
Vinnuskipulag: námsmat og námsmarkmið í kennslu 1991-1992.

*Örk 2*
Námsáætlun 7. bekkjar, mat á skólastarfi og þróunarverkefni, námsmarkmið o.fl. 1992-1993.

*Örk 3*
Námsáætlun 1. bekkjar, vélsaumur í 5.-7. bekk (skýrsla um þróunarverkefni í vélsaumi), samskipta- og agareglur Vesturbæjarskóla (ferli vinnu við endurskoðun á þeim), upplýsingastreymi/boðleiðir (verkefni), námsáætlanabæklingur og námskynningar (viðhorfakönnun meðal foreldra og kennara barna í Vesturbæjarskóla, niðurstöður, virkni á valsvæðum (námskeið í Vesturbæjarskóla) 1996-2000.
Hugmyndir Maríu Montessori í kennslu (skýrsla um þróunarverkefni í Vesturbæjarskóla) 1995-1996.

## Askja F-16

Fyrsti vísir að skólanámskrá 1991.
Námsmat í 1.-7. bekk 1994.
Skýrsla um gæðastjórnun í Vesturbæjarskóla 1994.
Gátlisti fyrir greiningu og mat á skólanámskrá 1998.
Lýsing á vinnu við skólanámskrá Vesturbæjarskóla 1997-1997
Skólanámskrá Vesturbæjarskóla, námsáætlanir 1998.
Skólanámskrá Vesturbæjaskóla 1998.
Skýrsla: Vinnuferli til að meta bekkjarstjórnun og líðan innan skólastofunnar 2000.
Handbók Vesturbæjarskóla 2004.

*Flokkur G, útgefið efni, skólablöð, námsvísar, handbækur o.þ.h.*
Tóm

*Flokkur H Fjármál*

## Askja H-1

Sjóðdagbók fyrir pappírsútgjöld 1968–1988.

## Askja H-2

Bekkjasjóður nemenda 2004-2005.

## Askja H-3

Bekkjasjóður nemenda, 1.-2. B og 3.-4. B, 2004-2006.

Pantanir í mánaðaráskrift í mat fyrir nemendur, mars 2005
Námsgagnastofnun; reikningsyfirlit vegna úthlutunarefnis og pantanir, 2006-2007.

## Askja H-4

Bekkjasjóður nemenda 2005-2008.

*Flokkur I. Ýmislegt, húsnæðismál o.fl.*

## Askja I-1

Húsnæðismál Vesturbæjarskóla: Erindisbréf, undirbúningsfundir, verkfundir og greinargerðir vegna nýbyggingaráforma Vesturbæjarskóla norðan Hringbrautar 1982-1988 og athugasemdir við teikningar.
Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík: Greinargerð um Nýjan Vesturbæjarskóla ásamt arkitektateikningum 8. september 1988.
Arkitektateikningar af nýju skólahúsnæði og eldri arkitektateikningar frá 1970.
Ræða í tilefni opnunar skólans, án nafns.

## Askja I-2

*Örk 1*
Kostnaðaráætlanir, útboð, tilboð og bréfaskipti vegna búnaðar og innréttinga í nýbyggingu 1988.

*Örk 2*
Opnun viðbyggingar Vesturbæjarskóla 1999.
Skóflustunga að viðbyggingu Vesturbæjarskóla: Dagskrá, ræða, boðsbréf og símbréf. Listi yfir aðstoðarfólk í tilefni af skóflustungu, listi yfir nemendur sem léku á hljóðfæri 1999.
Borgarskipulag Reykjavíkur: Útskrift úr gerðabók skipulags- og umferðarnefndar varðandi viðbyggingu Vesturbæjarskóla 1998.

Úttekt á öryggi í Íþróttahúsum 1997.
Vinnueftirlit ríkisins: Upplýsingar um loftræstikerfi/lofthitunarkerfi 1992.

## Askja I-3

Tvö ljósmyndaalbúm af nemendum og yfirlitsfilma.

## Askja I-4

*Örk 1*
Ljósmyndir af nemendum í 4.S.

Tvær kvikmyndaspólur, á annarri stendur: ,,*Sjóði sjóði pottur 9/6´´* hin spólan er ómerkt.
Bekkjarmynd í myndaramma, ómerkt og án árs.

„Fjaran mín“, fjörureina nr. 13 og 14. Örnefni á fjörureininni er Selsvör. Vinna nemenda í Vesturbæjarskóla (kemur frá Borgaraskipulagi) er í skúffu 5 í T-4.

Skráð í mars 2007 af BK og Guðjóni Indriðasyni
í ágúst 2012 af Sigríði Halldórsdóttur